

Leiðbeiningar fyrir úttektir úr úttektarkerfi LUKR



Innskráning

Notendanafn:

Lykilorð:

Muna eftir mér næst.


Sloðin á úttektarkerfi LUKR er: www.reykjavik.is/lukr


Til að komast inn á síðuna þarf að slá inn notendanafn og lykilorð, en þau er hægt að fá hjá Landupplýsingum LUKR. Hægt er að senda beiðni um skráningu á [www.lukr3w@reykjavik.is](mailto:lukr3w@reykjavik.is) til að fá aðgangsorð að síðunni.

Þetta er upphafssíða úttektarkerfisins. Best er að fylgja númeraröðinni þegar farið er í gegnum ferlið.

1. Velja skráarsnið
2. Velja þemu
3. Velja svæði
4. Velja hnitakerfi og reikna verð
5. Klippa gögn
6. Vista skrá

- A. Ofarlega á síðunni eru hefðbundnir þysjunarhnappar (zoom-hnappar)
- B. Upplýsingar fyrir Microstation notendur eru efst á síðunni.
- C. Í Efnusyfirliti velur maður þau þemu sem eiga að sjást á skjánum.
Þau eru háð kvarða og birtast ekki öll fyrir en þysjað er inn á gögnin.






1. Velja skráarsnið:

Hægt er að velja um Shape eða DXF skráarsnið og er einfaldlega hakað við það sem við á.



2. Velja þemu:

Hér eru valin þau þemu sem taka á út úr kerfinu.



3. Velja svæði

Smella á hnappinn og síðan velja á kortinu það svæði sem taka á út gögn af.

4. Velja hnitakerfi og reikna verð

Smella á ISN93 eða Reykjavíkur til að velja hnitakerfi. Þá er smellt á hnappinn Reikna verð. Þá birtast upplýsingar um valin þemu og kostnað.

Þema	kr/ha	Verð (kr)
Fast verð	-	2200
Strandlina	0	0
Hús	16	32
Löðir	16	32
Götur	16	32
OR Hitaveita	16	32
Alls	2328	

Athugasemdir:
Miðbaer-heitt valn ofl.
ATH! Með því að smella á "Klipa gögn" er verðið hér að ofan samþykkt og úttekt framkvæmd.

Klipa gögn
Ná í zip skrá frá:
[16. desember 2009 10:16:53](http://www.7zip.com)

Í athugasemdadálkinn eru skráðar inn upplýsingar að eigin vali.

5. Klippa gögn

Smellt er á Klippa gögn hnappinn ef úttektaraðili er sáttur við þemaupplýsingarnar. Þá fer úttektin í gang og mikilvægt er að slökkva ekki á vafranum á meðan. Þetta ferli getur tekið nokkum tíma, fer eftir stærð svæðis og gögnum.

6. Vista skrá

Þegar úttektin er tilbúin birtist textinn: "Ná í zip skrá frá:" ásamt bláum texta fyrir neðan. Smellt er á bláa textann og skráin vistuð á svæði notenda.

Vistaða zip-skráin inniheldur fleiri zip-skrár, eina fyrir hvert þema. Nauðsynlegt er að hafa nyja útgáfu af t.d. Win-zip forritinu til að hægt sé að opna skrámar. Einnig má nota ókeypis forrit, t.d. 7-zip, sem nálgast má á netinu (<http://www.7zip.com>)